

3. gr.

Við 3. gr. bætist eftirfarandi setning: Hliðstæðan stuðning er heimilt að veita stofnunum og heimilum sem þjóna fjölfötluðum nemendum Safamýrarskóla og/eða taka við þeim eftir brautskráningu úr skólanum.

4. gr.

Í 1. mgr. 5. gr. komi orðið: Foreldrafélags í stað orðanna „Foreldra- og kennarafélags“.

5. gr.

Í 1. mgr. 8. gr. komi orðið: Foreldrafélags í stað orðanna „Foreldra- og kennarafélags“.

Ofangreindar breytingar á skipulagsskrá fyrir Sunnusjóð til hjálpar fjölfötluðum börnum staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 15. mars 1996.

F. h. r.
Jón Thors.

Fanney Óskarsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá nr. 280/1991 fyrir mengunarvarnaeftirlit á Hafnarfjarðarsvæði.

1. gr.

Við 4. gr. gjaldskrár nr. 280/1991 fyrir mengunarvarnaeftirlit á Hafnarfjarðarsvæði bætist eftirfarandi málsgrein:

Heimilt er að innheimta árlegt eftirlitsgjald kr. 2.500 vegna eftirlits hjá aðilum sem nota ósoneyðandi efni, sbr. reglugerðir um varnir gegn mengun af völdum ósoneyðandi efna.

2. gr.

Gjaldskrá þessi sem samin er af svæðisnefnd um heilbrigðiseftirlit á Hafnarfjarðarsvæði og samþykkt af viðkomandi sveitarfélögum, staðfestist hér með samkvæmt 5. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til að öðlast gildi nú þegar.

Umhverfissráðuneytinu, 18. mars 1996.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.